

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

12. fundur, haldinn á skrifstofu FSÍ, mánudaginn 11. febrúar 2019, kl. 19:30

Fundinn sátu: Kristinn Arason, varaformaður, Kristín Ívarsdóttir, ritari, Hulda Árnadóttir, Hlín Bjarnadóttir, formaður fræðslunefndar, Sandra Árnadóttir, formaður tækninefndar kvenna.

Boðuð forföll: Arnar Ólafsson, formaður, Þór Ólafsson, gjaldkeri, Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir, meðstjórnandi, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, meðstjórnandi, Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, formaður tækninefndar í hópfimleikum.

Fundargerð ritaði: Sólveig Jónsdóttir.

1. Erindi frá Fræðslunefnd um lokapróf og þjálfaranámskeið

Umræður um erindið frá nefndinni. Hlín kynnti fyrirkomulag á prófi og málstofum sem fyrirhugað er að leggja fyrir í næsta mánuði. Fræðslumálin rædd almennt og farið yfir hvernig nútímavæðing er skipulögð.

Ákveðið að vísa útfærslu á tímalínu til skrifstofu í samvinnu við formann nefndarinnar, ásamt markmiðssetningu fyrir næsta starfsár.

2. Erindi frá skrifstofu um aðgönguskírteini í Appi frá Síminn Pay

Umræður um tilboðið, kosti og galla á því. Samþykkt að fara í áframhaldandi vinnu og fá yfirlit yfir skilmálana og hvernig vinnuferlið í kringum aðgönguskírteinið verður.

3. Erindi frá Crossfit mótshöldurum um stúkumál í Laugardalnum

Stjórn tekur jákvætt í erindið og sér ekkert því til fyrirstöðu að styðja við málefnið, þar sem að það hefur engar íþyngjandi skulbindingar í för með sér.

4. Dómaramiðalaus mót vorannar og þjálfaraskráningar á mót

Umræður um miðalaus mótin og framtakinu fagnað af stjórn. Almennt hefur verið tekið vel í þetta af félögum og dómurum. Nokkrir hnökrar hafa komið upp er tengjast internet tengingu og rafmagnsleysi sem sér fyrir endan á.

Jákvætt tekið í ferlið og eru framkvæmdaraðilar spenntir fyrir áframhaldandi vinnu að því að ferlið gangi snuðrulaust fyrir sig.

Samhliða auknum menntunarkröfum hafa félögin þurft að skrá þjálfara á mót 2019 og telst skráning iðkenda á mót ekki fullgild fyrir en þjálfaraskráning hefur borist. Töluverð vinna var lögð í að kynna



Þetta fyrir félögum og nú á þrepamóti 1-2-3 var haft samband við þau félög sem ekki skráðu eða sem ekki höfðu beðið um undanþágur ef það vantaði upp á menntun þjálfara.

Fyrirhuguð er áframhaldinu vinna í þessum málaflokki, þar sem verkefnið tengist þjálfaraleyfum og menntun þjálfara á Íslandi.

5. Þjálfaraskráningar og menntun þjálfara.

Við höfum verið að sækjast eftir upplýsingum um menntun þeirra sem ekki hafa farið í gegnum fræðslukerfi FSÍ til að meta þjálfara inn í leyfiskerfið. Þar eru flestir erlendu þjálfararnir sem eru á landinu og höfum við verið að fá pappíra á hinum ýmsu tungumálum frá þeim.

5. febrúar var sendur póstur á framkvæmdastjóra og skrifstofur félaganna og þau beðin að koma þeim upplýsingum til þjálfara að skila þurfi pappírnum á ensku eða íslensku til sambandsins. Bent var á tvo aðila sem sjá um þýðingar og bent á að einhverjir gætu eflaust haft samband við þann aðila sem gefur út pappírana uppá að fá enska útgáfu.

Þetta kemur til með að tefja ferlið í mati á menntun þessara þjálfara og verða þeir því með undanþáguskírteini þetta árið. En til að fá silfurleyfi þurfa þjálfarar að hafa lokið þjálfaranámskeiðum 1A, B, C og 2A auk fyrsta stigs námskeiði hjá ÍSÍ eða sambærilegri menntun.

6. Skjal frá UEG sem sýnir framboð af viðburðum sem eru lausir til umsókna.

Stjórn fór yfir þá viðburði sem eru lausir til umsókna. Ekki tímabært að sækja um viðburði að svo stöddu. Stjórn er jákvæð fyrir umsóknum en ákveðið að kanna betur hvernig staða mála á mannvirkjum er áætluð í nánustu framtíð.

7. Eurogym 2020

Í framhaldi af fundi FSÍ með menntamálaráðherra var send inn umsókn til ráðuneytisins og óskað formlega eftir stuðningi.

Nú er beðið eftir svörum frá ráðuneytinu.

Fundi slitið kl. 21:10

13. fundur stjórnar verður haldinn á skrifstofu FSÍ, mánudaginn 25. febrúar 2019, kl. 19:30.

